



Stærðfræði 5. bekkur 2024-2025

Stærðfræði er ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hæfniviðmiðum í stærðfræði er skipt í sjö flokka og eru þeir; Að geta spurt og svarað með stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar; Tölur og reikningur; Algebra; Rúmfræði og mælingar og Tölfræði og líkindi. Markmið kennslunnar eru að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum.

Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, útikennslu og samvinnunám. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem hver nemandi vinnur á sínum hraða. Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir.

Námsefni og gögn - Hvað notum við í náminu.

Stíka 1a og 1b; nemendabók og æfingahefti, ýmis verkefni í tölvu.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Kennari metur virkni og vinnusemi í kennslustundum og leggur fyrir kannanir. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar – Alma Rut Sigmundardóttir og Hulda Dagmar Magnúsdóttir